



ÁFANGASTAÐUR Á VERALDARVÍSU

Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 75 ára afmælisráðstefnu
Icelandair Group
Reykjavík
25. september 2012

Ágætu ráðstefnugestir
Stjórnendur og starfsfólk Icelandair

Það er sannarlega gleðiefni að koma hér saman og fagna 75 ára afmæli flugrekstrar sem á okkar tíð er með sóma og glæsibrag einkum bundinn merki Icelandair, fagna vegferð sem á stundum hefur verið tvísýn en ætíð notið öflugss starfsliðs og framsýnna stjórnenda, sveitar sem sá flugið bæði sem atvinnuveg og brú þjóðar til annarra landa.

Upphaf flugfélaga á Íslandi var líkt og stofnun Eimskipafélagsins á sínum tíma ríkulega mótað af hugsjónum sjálfstæðisbaráttunnar, viðleitninni til að sanna fyrir sjálfum sér og öðrum að fámenn þjóð norður í hafi gæti staðið á eigin fótum, nýtt sér tæknina til að tryggja samskipti við umheiminn og renna traustum stoðum undir fullveldi og efnahag.

Þótt í fyrstu væri einkum tekið mið af flugi milli landshlutanna og til helstu nágrannaþjóða sáu sóknjarfir athafnamenn fljótt tækifæri í tengingu heimsálfanna, hófu að flytja farþega milli Evrópu og Ameríku.

Við þekkjum öll þessa sögu en í samræðum okkar í dag er forvitnilegt að leita lærdóma í fjölþættu frumkvæði sem saga íslensks flugrekstrar hefur markað á veraldarvísu.

Þegar 130.000 manna þjóð hóf áætlunarflug til annarra landa voru engin dæmi þess að svo lítið samfélag hefði ráðist í sambærilegt stórvirki.

Þegar Loftleiðir tóku að flytja þúsundir yfir Atlantshafið á lágum fargjöldum var það í fyrsta sinn sem komið var á þann hátt til móts við

ferðalöngun almennings; brautin rudd í lággjaldaflugi sem nú er stórfelld starfsemi um allan heim.

Þegar samvinna við Lúxemborg í flutningi á vörum gerði Cargolux að þekktu merki var það líka á sínu sviði framtak á undan samtímanum; vísbending um að samgöngukerfi veraldar og þjónustan við daglegar þarfir heimila og fyrirtækja væru að taka stakkaskiptum.

Þegar hin nýja flugstöð varð í aðdraganda nýrrar aldar að umsvifamikilli skiptistöð, fleiri daglegar ferðir til Ameríku frá Íslandi en frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi samanlagt, þá var það enn ein sönnun þess að í sögu flugsins hefur Íslendingum tekist að láta að sér kveða.

Þessir þættir eru ekki aðeins merkar vörður á framfarabraut íslenskrar þjóðar. Þeir hafa líka vakið verðskuldaða athygli þeirra sem fjalla um áhrif flugsins á heimsvísu, hvernig það hefur mótað nýtt skeið í sögu mannkyns, breytt lífskjörum, atvinnulífi og menningu þjóða.

Starfsfólk Icelandair og reyndar þjóðin sjálf getur því á afmælisári glaðst yfir þessari arfleifð, árangrinum sem fyrri tíð hefur fært Íslendingum. En hún veitir okkur líka afl til að nýta tækifæri nýrra tíma með bjartsýni og sóknirfsku í veganesti; að ógleymdum aganum sem jafnan hefur verið forsenda arðbærs rekstrar.

Eyjan í útnorðri er á vissan hátt nú þegar orðin áfangastaður á veraldarvísu og margt bendir til að hún verði það enn frekar í framtíðinni.

Það er langur vegur frá einangrun Íslendinga við upphaf síðustu aldar til ávarpsorða forsætisráðherra Kína Wen Jiabao við upphaf fundar okkar fyrir tveimur árum í Tianjin: „Herra forseti! Það gleður mig að geta sagt þér að nú þekkja allir í Kína Ísland.“

Já, það munaði ekki um það en hér skipti liðsinni Eyjafjallajökuls að sjálfsögðu miklu máli!

Ég hef stundum sagt í léttum dúr að Ísland hafi á síðustu árum fengið í forgjöf þrjár auglýsingaherferðir á heimsvísu; allar hafi gert ættjörðina að umfjöllunarefni sjónvarps, útvarps og blaða í flestum löndum heims. Bankahrunið og gosin í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum settu Ísland á heimskortið með nýjum hætti.

Það varð í reynd áfangastaður sem allir kannast við eða „global location“ eins og sagt er á heimsmálinu. Það eru hundruð þúsunda, eða jafnvel milljónir áfangastaða í veröldinni en bara fáeinir sem allir þekkja.

Genf var lengi slíkur staður vegna viðræðna um frið, samninga um endalok stríðs og átaka. Wall Street er það enn vegna viðskipta og fjármála, París í krafti hátískunnar.

Þannig hafa nokkrir staðir orðið í vitund mannkyns „locations“ á veraldarvísu. Ísland hefur á síðustu árum tvímælalaust bæst í þann hóp, orðið áfangastaður sem æ fleiri vilja sækja heim, umfjöllunarefni sjónvarpsstöðva sem teygja geisla sína um allar álfur, iðulega tengt tilvísunum og umræðum á veraldarvefnum, oft lýst á hástemmdan hátt líkt og fólst í ummælum hins erlenda ljósmyndara: Þið verðið að sjá Ísland áður en þið deyið! – ákall í ætt við skylduna að heimsækja Napólí eða Mekka!

Margt styður þessa nýju stöðu, ekki aðeins athyglin sem bankahrunið og eldgosin vöktu, heldur líka eiginleikar sem marka sérstöðu eða fela í sér sýn á framtíðina.

Náttúran, sagan og menningin hafa löngum verið kjarninn í aðdráttarafli, sterkir strengir í mynd annarra af landinu, en á nýrri öld hefur fleira bæst í safnið.

Norðurslóðir skipta nú miklu máli með vaxandi áhuga á jöklum og þverrandi ísforða heimsins. Eiginleikar Íslands og nábýlið við Grænland fela því í sér margþætt tækifæri, nýja tegund ferðamennsku. Það sýnir fjöldi skemmtiferðaskipa sem heimsækir á hverju ári löndin í norðri. Hundruð þúsunda gesta sem áður sóttu í heitari svæði vilja nú komast í svalann, skynja samspil hafs og jökla, firði og fjöll sem ríkulega móta náttúru Norðurslóða. Með opnun nýrra siglingaleiða frá Asíu til Evrópu og Ameríku, jafnvel yfir Norðurpólinn að sumarlagi, verður Ísland komið í alfaraleið á nýjan hátt. Það mun ekki aðeins hafa áhrif á vöruflutninga heldur líka móta samgöngur í lofti, auka enn fjöldann sem kys að nota Ísland sem skiptistöð.

Sú ákvörðun að hefja næsta vor áætlunarflug til Alaska er vitnisburður um þessa breyttu heimsmynd og gaman var að finna í Anchorage nú í ágúst hve vel ákvörðun Icelandair var þar tekið. Stjórnvöld, viðskiptalíf, stofnanir og félagasamtök hlakka til að nýta ný tengsl við Ísland og Evrópu og bentu á að leiðir yrðu þá líka greiðar í lofti gegnum Reykjavík til byggðarlaga á austur- og vesturströndum Grænlands.

Með tengingunni við Alaska og svo líka Pétursborg verður Icelandair fyrsta flugfélagið sem getur með sanni hælt sér af Norðurslóðaneti; sannkallað „Arctic Airline“. Það mun skapa mikilvæga sérstöðu, grundvöll að ferðum um öll lönd Norðurslóða: Rússland, Finnland, Svíþjóð, Noreg, Danmörku, Ísland, Grænland, Kanada og Alaska. Í þessu felast þáttaskil sem margir hafa beðið eftir og þau eru reyndar enn eitt dæmið, líkt þeim sem ég nefndi í upphafi, um að Íslendingar geta verið brautryðjendur í flugrekstri .

Nýja Norðrið er ekki eina breytingin á heimsmyndinni sem skapar tækifæri til nýrrar sóknar. Aukið vægi Asíu, forysta Indlands og Kína í hagkerfi heimsins, og vaxandi styrkur annarra Asíulanda, gríðarleg fjölgun í hinni efnaðri millistétt og löngun ungra Asíubúa til að njóta í návígi framandi náttúru og kynnst þjóðum sem á margan hátt eru til fyrirmyndar – allt þetta skiptir okkur miklu máli. Í þeim efnum er einnig mikilvægt að Íslendingum hefur tekist að rækta vel tengslin við Indland og Kína. Fjölmargir æðstu ráðamenn Kína hafa komið hingað á undanförunum árum og ætíð hefur skari fréttamanna verið með í för; hundruð milljóna Kínverja hafa því um árabíl reglulega notið mynda og frásagna af Íslandi. Indland opnaði svo sendiráð hér í miðju bankahruni og þótt tímasetningin hefði getað verið hentugri er það þegar orðið með hinum umsvifameiri.

Hið trausta samband okkar við þessi nýju forysturíki birtist líka í því að við erum eina þjóð Norðurlanda sem forsetar Indlands og Kína hafa báðir sótt heim. Það er vinarbragð sem á vissan hátt er fjárfesting í framtíðinni og gleymum ekki að hnattstaða Íslands er líka hliðholl tíðari ferðum milli Íslands og Asíu. Á líkan hátt og Alaskabúar geta næsta sumar verið fyrir komnir til Reykjavíkur en til New York og Washington og stysta leið Evrópubúa til Hawaii liggur um Keflavík og Anchorage þá getur flug um Ísland hentað vel Asíubúum á leið til London og Parísar eða ýmissa borga í Bandaríkjunum og Kanada.

Við getum á vissan hátt sagt að jörðin sjálf sé okkar stóra tromp í flugsamkeppni nýrrar aldar, hnattstaða landsins og mikilvægi Norðurslóða, en miklu skiptir líka hvernig íslenskir jöklar, eyðisandar, stórfljót og nýting hafsins mynda ásamt hreinni orku einstakt dæmasafn fyrir umræðuna sem nú er brýn á veraldarvísu, glímuna sem framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, telur mikilvægasta á verkefnaskrá mannkyns alls.

Sönnun þessa birtist okkur á fyrsta árinu sem Hellisheiðarvirkjun var opin almenningi en þá kom þangað um fimmtungur allra ferðamanna sem heimsóttu Ísland. Orkuver varð ferðamannastaður eins og Gullfoss og Geysir; og munum að Bláa lónið og Svartsengissvæðið fær nú álíka marga gesti og Þingvellir; eða kannski fleiri.

Það er því mikilvægt að við skiljum til hlítar aukinn sess hinna nýju strengja í straumi ferðamanna; sjáum það sem þykir forvitnilegt með þeirra augum; látum ekki hefðbundnar áherslur okkar sjálfra byrgja sýn á fjölda nýrra tækifæra.

Hvað heillar fjöldann sem hingað kemur; milljónirnar sem á komandi tíð munu hugleiða ferðalag til Íslands? Að sjálfsgöðu hin fjölbreytta og einstæða náttúra. Hún verður áfram meginstoð framfara í

Íslenskri ferðaþjónustu; ásamt menningunni að fornu og nýju, traustur hornsteinn.

En það er fleira sem skiptir máli. Baráttan gegn loftslagsbreytingum, mestu ógn þessarar aldar og hinnar næstu, hefur vakið gríðarlegan áhuga á hreinni orku, hvernig hægt sé að kveðja olíu og kol og leggja grundvöll að öruggri framtíð, forða því að borgir í öllum álfum sökkvi í sæ ef ísinn á Grænlandi og Suðurskautslandinu heldur áfram að bráðna.

Ísland er orðið helsta sýnishorn árangurs á þessu sviði og því heimsækja nú hundruð þúsunda erlendra ferðamanna orkuver og jarðhitastaði, kynnast af eigin raun hvað felst í hreinni orku.

Hvers vegna kom forsetætisráðherra Kína til Íslands fyrir nokkrum vikum? Jú, ástæðurnar voru einkum tvær. Nýja Norðrið og nýting jarðhitans, enda geta opnun siglingaleiða og hitaveitur í stórborgum skipt sköpum fyrir Kína.

Hann er ekki einn á ferð. Á skrifstofu forsetaembættisins verður ekki lengur komið tölu á þá erlendu ráðamenn sem við höfum farið með í jarðhitaferðir: Um Suðurnesin, Svartsengi, Bláa lónið, Reykjanesvirkjun og í Haustak, inn í gróðurhúsin á Suðurlandi, um virkjanir á Nesjavöllum og Hellisheiði. Alls staðar hittum við ferðamenn, jafnvel um hávetur fer fólk á virkjanasvæðin. Boðskapurinn um hreina orku frá landinu sem býr að stærstu jökulum Evrópu er öflug rödd í umræðu heimsins. Hér sést hvað hægt er að gera. Heimsóknin verður öllum opinberun.

Á líkan hátt hafa óbyggðirnar orðið æ verðmætari, jafnvel hraunbreiður og fjalllendi í nágrenni Reykjavíkur; ótal staðir þar sem hægt er að vera einn í návist sköpunarverksins, færa sálinni nýjar víddir. Fyrir fólk sem býr í milljónaborgum er þetta einstök reynsla. Það hefur flest aldrei kynnst hinni römmu taug milli manns og náttúru, að vera einn í heiminum. Þá skiptir engu hvað fjöllin heita. Hugurinn heillast af víðáttunni, útsýni í allar áttir. Í raun hefur vísubrotinu verið snúið á haus. Við getum nú sagt: „Landslag væri mikils virði þótt það héti ekki neitt!“

Þessi þáttaskil sjást vel með samanburði á ljósmyndabókum frá fyrstu áratugum lýðveldisins við þær sem komið hafa út að undanfögnu. Óbyggðirnar, hin nafnlaus náttúra, jafnvel í óræðri nærmynd skipar æ meira rými – og fróðlegt er að fletta líka ljósmyndabókum sem erlent hæfileikafólk hefur gert. Þar birtist landið með augum gesta; okkur til fróðleiks.

Við þurfum því líkt og ákveðið var í Banff þjóðgarðinum í Kanada, elsta þjóðgarði heims, að búa okkur undir komu milljóna manna sem

langar að upplifa einsemd með náttúrunni, finna í sálu sinni nýja hljóma, hlýða á bergmálið í fjallasal, tónlist þagnarinnar.

En það er fleira; þjóðlífið, maturinn, nýir menningarþættir heilla líka hina erlendu gesti. Það sanna Iceland Airwaves, fjöldi viðburða í Hörpu, sagnadagar í landshlutunum og hinn vaxandi fjöldi veitingahúsa sem tryggja að ferðalangurinn fer saddur og ánægður að sofa.

Þegar Norðmenn vildu fyrir nokkrum áratugum gera Ósló að alþjóðlegri ráðstefnuborg höfðu þeir vit á því að framkvæma könnun áður en ráðist var í aðgerðir. Hún sýndi, öllum á óvart, að það sem mestu réð um val á ráðstefnustað var ekki hljóðkerfið eða fundarsalir heldur gæði og fjölbreytni matarins. Þá settu Norðmenn stórfé í að mennta kokka sem síðan hafa unnið til verðlauna á flestum mótum; hefði slíkt einhvern tímann þótt sæta tíðindum.

Hliðstæð hugsun réð ákvörðun Andrew Zolli að flytja PopTech! ráðstefnuna til Íslands. Vissulega væri Harpan fín en mestu skipti allt svæðið frá Gamla bíói að Grandanum, með Kvosina, salarkynni Listasafns í Hafnarhúsi, margbreytilega veitingastaði, ólík hótél; svo væru bátar við bryggjur, Sjóminjasafnið, varðskip og fyrrum fiskvinnslusvæði, sem nú ber í samræðum enskumælandi ferðalanga heitið The Fishpacking District í anda nafngiftarinnar The Meatpacking District í New York en þar er nú lifandi og fjölbreytt verkstöð hönnuða og listamanna; og ekki má heldur gleyma iðandi mannlífi sem heillaði hann og ráðstefnugesti daga og nætur.

Zolli sá í öllu þessu samfelldu ráðstefnusvæði og sagði því: „Það er hið margbrotna leiksvið frá Gamla bíói að Granda og samspilið við hafið og fjöllin sem er ykkar stærsta tromp í keppninni um alþjóðlega fundi; ekki bara Harpan ein.“ Glöggt var auga hins reynda ráðstefnuhaldara, gests sem gaf okkur nýja sýn á umhverfið.

Já, hafið, firðirnir fyrir norðan, austan og vestan, bjargfuglar, hvalaskoðun og sjóstangaveiðar. Gömul byggðarlög hafa öðlast annað líf. Húsavík og Suðureyri njóta nú þess að þangað sækja margir sem finna í lífríki hafsins ævintýri og dýrmæta reynslu. Það hefði þurft að segja gömlum Vestfirðingum það nokkrum sinnum að fluttir yrðu margir flugvélafarmar af stæðilegum þýskum ferðamönnum til Suðureyrar og svo færu þeir á sjóstöng utar í Súgandafirði. Silfurtorgið á Ísafirði iðar nú líka af mannlífi á hverju sumri þegar þúsundir farþega af skemmtiferðaskipunum koma í land. Þeir voru ekki margir á Ísafirði sem trúðu því fyrir tíu árum að hægt væri að fá skemmtiferðaskip til að koma þar við. Og þegar hinn góði bæjarstjóri hætti að stjórna fyrir tveimur árum fannst honum vænlegast að stofna til kajakferða fyrir útlendinga og láta selina í Djúpinu og tign Jökulfjarða vinna með sér.

Það virðist reyndar vera sama hvar drepið er niður fæti, gjörvallt Ísland og miðin með eru samfelldur vettvangur tækifæra; ævintýri líkast hvað mönnum hefur á undanförnum árum orðið að atvinnu á þessu sviði.

Áhuginn á landi og þjóð vex ár frá ári og það er verkefni okkar að bregðast rétt við þeirri þróun. Þar hlýtur Ícelandair að vera áfram í fararbroddi enda mikið í húfi fyrir fyrirtækið og þjóðina alla.

Innan tíðar má vænta þess að um tvær milljónir ferðamanna sækji Ísland heim á hverju ári. Því þurfum við sem fyrst að sameinast um þjóðaráætlun til að taka vel á móti þeim, gestunum til gleði og fróðleiks og okkur sjálfum til hagsbóta.

Í þessum efnum má tilviljun ekki ráða för og ekki heldur innbyrðis deilur eða hefðbundið skak.

Hinu stóra verkefni mætti gefa heitið: „Að taka vel á móti tveim milljónum gesta.“ Það er ágætis nafn; kallast á við „Inspired by Iceland.“ Því hæpið yrði að hafa hvatt til innblásturs ef aðstöðu skortir til að bregðast við góðum undirtektum.

Sumum kann að finnast tvær milljónir ferðamanna fjarlæggt markmið en samt er raunhæft að slíkt verði að veruleika áður en þessi áratugur er á enda. Ísland er nú áfangastaður á veraldarvísu, nafnið þekkt og fáir notið slíkrar kynningar. Eyjan sem fyrir 75 árum sá í fluginu leið út úr einangrun er nú komin í þjóðbraut heimsins alls.